

Þriðjudaginn 15. janúar 1991.

Nr. 464/1990. **Ingi B. Ársælsson**
 gegn
ríkisendurskoðun
og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Gagnaöflun. Kröfu um, að hæstaréttardómarar víki sæti, hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Með kæru 20. nóvember 1990 kærði sóknaraðili til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur frá 7. sama mánaðar, en þar var hafnað kröfu hans um, að dómari málsins víki sæti. Í kærinni krefst sóknaraðili þess, „að dómari málsins, Garðar Gíslason borgardómari, víki sæti í málinu og að skipaður verði setudómari í málinu, sem ekki er fastur starfsmaður stofnunar, sem er háð fjárveitingum, fjárhagslegu eftirliti og faglegu eftirliti málsaðila eða stofnana, þar sem vitni og mögulegur sökunautur í máli kæranda er yfirmaður“. Í greinargerð sóknaraðila 10. janúar 1991 setur hann auk þess fram tvær aðrar kröfur á eftirfarandi hátt:

„A. Krafa um að kæranda verði með gagnaöflunarúrskurði Hæstaréttar þar um gefinn kostur á að kynna sér öll gögn, sem varða möguleg óeðlileg tengsl Hæstaréttar við aðila málsins, stefndu Ríkisendurskoðun og Fjármálaráðuneytið, svo og Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. ...

B. Meðan ekki liggur fyrir greiður aðgangur kæranda að öllum gögnum, sem greind eru í lið A, er krafist, að hæstaréttardómarar þeir, sem kvaddir hafa verið til að fjalla um kærumál þetta, víki sæti. Er jafnframt áskilið að halda við þessa kröfu ef gögn gefa tilefni til þess og rökstyðja hana síðar með vísun í gögn.“

I.

Í kæru sinni frá 20. nóvember 1990 fjallar lögmaður sóknaraðila um nauðsyn þess, að hann fái sem gleggstar upplýsingar um „stöðu Hæstaréttar gagnvart málsaðilum og Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins“ (sic). Er óskað upplýsinga um „öll atriði, sem varða

umfang fjárveitinga umfram það, sem venjuleg fjárlög gera ráð fyrir, öllum athugasemdum og fyrirspurnum Ríkisendurskoðunarinnar, vegna starfsemi Hæstaréttar, svo sem vegna svo nefnds „áfengis-kaupamáls“, svo og öll önnur atriði, sem varða fagleg skipti Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins síðustu þrjú ár. Einnig að lögmaður kæranda fái ljósrit af þeim gögnum, sem hann telur máli geta skipt við rekstur málsins“.

Í bréfi forseta Hæstaréttar til lögmanns sóknaraðila 20. desember 1990 var honum tilkynnt, að ekki væri talið, að lagarök væru til að verða við tilmælum hans.

Í bréfi lögmanns sóknaraðila til Hæstaréttar 21. desember 1990 var krafist gagnaöflunarúrskurðar í málinu. Segir svo m.a. í bréfinu:

„Sérstök tilefni sem kærandi telur geta verið til óeðlilegra tengsla Hæstaréttar við málsaðila eða Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, eru, að Rétturinn hafi farið fram úr fjárveitingum Alþingis og sé eða hafi verið í óeðlilegri stöðu gagnvart málsaðilum af þeim ástæðum, eða sætt sérstökum athugasemdum af þeim ástæðum. Einnig telur kærandi, að mögulegt sé, að svo nefnt „áfengis kaupamál“, tengt fyrrum forseta Hæstaréttar og aldrei var upplýst til fulls, svo almenningur fengi vitneskju um, sé hér athugunarefni. Er talið mögulegt, að Ríkisendurskoðunin hafi haft óeðlileg afskipti af „áfengis kaupamálinu“, fyrst með mögulegu aðgerðarleysi, en síðar haft áhrif á málsóknarákvarðanir. Þá telur kærandi mögulegt, að umsagnir Hæstaréttar til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um umsækjendur um lausar stöður hæstaréttardómara séu athugunarefni. ...“

Þessi krafa sóknaraðila um upplýsingar varðandi starfsemi Hæstaréttar er síðan áréttuð í greinargerð hans, sem fyrr er til vitnað.

II.

Krafa sóknaraðila um upplýsingar í kærumáli þessu hefur ekki þýðingu um það álitaefni, sem hann hefur kært til réttarins, þ.e. hvort dómari málsins í héraði eigi að víkja sæti. Er hún fremur tengd þeirri spurningu, sem hann hefur varpað fram, hvort dómara við Hæstarétt séu hæfir til að leysa úr kærumálinu, eins og rekstri dómstólsins og skipan hans sé háttað. Í því tilliti vísar sóknaraðili

til þess, að í máli sínu eigi hann við ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneytið, sem hann nefnir „yfirstofnánir dómstólanna“, auk þess sem ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu hafi átti aðild að umræðum og aðgerðum varðandi uppsögn hans úr starfi hjá ríkisendurskoðun á árinu 1984.

Staða Hæstaréttar sem æðsta dómstóls í landinu er tryggð með ákvæðum í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og lögum um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, sem á henni eru byggð. Samkvæmt stjórnarskránni fara dómendur með dómssvaldið og skulu í starfi sínu fara einungis eftir lögum í landinu. Dómarar Hæstaréttar eru þannig óháðir handhöfum framkvæmdarvaldsins, en til þeirra telst ríkisendurskoðun, þó svo að hún starfi nú á vegum Alþingis.

Með vísan til þessa eru engin efni til þess, að Hæstiréttur stofni til gagnaöflunar af því tagi, sem um ræðir í kæru sóknaraðila, né heldur til þess, að dómarar máls þessa í Hæstarétti víki sæti. Er staða þeirra gagnvart sakarefni og málsaðilum ekki með þeim hætti, að þeir séu vanhæfir til að dæma í málinu, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1973. Verður kröfu sóknaraðila um, að þeir víki sæti, því ekki sinnt.

D ó m s o r ð:

Framangreindum kröfum kæranda, Inga B. Ársælssonar, um gagnaöflun og að dómarar málsins í Hæstarétti víki sæti, er hafnað.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 7. nóvember 1990.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 31. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 8. apríl 1988.

Stefnandi er Ingi Björgvin Ársælsson, Lynghaga 8, Reykjavík.

Stefndu eru ríkisendurskoðun, Laugavegi 105, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík.

Stefnukröfur eru þessar:

1. Að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að lausn stefnda ríkisendurskoðunar, sem veitt var stefnanda sem fulltrúa í ríkisendurskoðun 14. febrúar 1984, hafi verið óréttmæt og ólöglegt.

2. Að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að stefnda fjár-

málaráðuneytinu fyrir hönd ríkissjóðs Íslands beri að greiða stefnanda 96% ógreiddra launa fyrir mánuðina janúar 1984 og febrúar 1984, alls kr. 3.014.40, ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

— — —

3. Að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að fjármálaráðuneytinu fyrir hönd ríkissjóðs Íslands sé skylt að greiða til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna stefnanda til viðbótar þegar greiddum iðgjöldum hans fyrir mánuðina janúar og febrúar 1984 kr. 157 fyrir hvorn mánuð, þannig að iðgjaldagreiðslur stefnanda miðist við 23. launaflokk, 3. þrep, í launatöflu ríkisstarfsmanna í BSRB nr. 92, mánuðina janúar og febrúar 1984.

4. Að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að fjármálaráðuneytinu fyrir hönd ríkissjóðs Íslands beri að greiða stefnanda skaðabætur og miskabætur vegna óréttmætrar uppsagnar 14. febrúar 1984 til viðbótar áður greiddum bótum, kr. 6.000.000, —sex milljónir króna—.

5. Að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að stefndu fjármálaráðuneytinu og ríkisendurskoðuninni verði gert að greiða stefnanda málskostnað vegna reksturs máls þessa eftir framlögðum málskostnaðar-reikningi eða mati bæjarþingsins.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Málið var tekið til úrskurðar um framkomna kröfu stefnanda um, „að dómariinn, Garðar Gíslason borgardómari, sem stýrt hefur rekstri málsins fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur til þessa frá því skömmu eftir að málið var þingfest, víki sæti í málinu, og jafnframt að fenginn verði annar dómari, setudómari, sem er hæfur til að fara með málið og ekki er fastur starfsmaður stofnunar, sem sætir fjármálastjórn og fjármálaeftirliti stefndu í málinu, þ.e. fjármálaráðherra og Ríkisendurskoðunarinnar“.

Stefndu hafa andmælt kröfu þessari og krafist þess, að henni verði hrundið og þeim tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

— — —

III.

Kröfu sína um, að dómariinn víki sæti, styður stefnandi með því, að hann eigi stjórnarskrárvarinn rétt á að leggja dómsmál sín fyrir óvilhalla kunnáttumenn um þau mál, sem til úrlausnar eru, sbr. m.a. lokaákvæði 2. gr. og ákvæði 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Þessi stjórnarskrárákvæði séu m.a. studd ákvæðum í 36. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi eigi skilyrðislausan rétt á, að óhlutdrægni þess opinbers dómstóls, sem hann reki mál sitt fyrir, sé hafið yfir allan vafa.

Við þær sérstöku aðstæður, sem skapast hafi í máli þessu, þar sem stað-

fest séu réttarbrot annars málsaðilans og hann hafi jafnframt á hendi fjármálastjórn og eftirlit með stofnun þeirri, sem dómariinn starfi hjá, sé rétt og eðlilegt, að dómariinn víki sæti. Þetta eigi enn frekar við, að (sic) aðrar æðstu stofnanir stjórnkerfisins, svo sem dómsmálaráðuneytið, sem hafi á hendi faglegt eftirlit með framkvæmd dómsmála og dómariinn kynni að sækja um stöðubreytingar til, hafi ekki brugðist eðlilega við kröfum stefnanda um opinbera rannsókn í málinu. Framhald á rekstri málsins undir stjórn dómara, sem háður sé öðrum málsaðilanum, kynni að kalla á fleiri undanfærslur á sjálfsögðum opinberum starfsskyldum og lögbrot opinberra embættismanna. Hér eigi sérstaklega við lokaákvæði 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

IV.

Stefndu hafa mótmælt framangreindri kröfu stefnanda. Þeir benda á, að hvorugur stefndu hafi nokkuð að segja yfir dómsvaldinu í stjórnskipun landsins. Í kröfu stefnanda felist í raun, að allir dómara ríkisins eigi að víkja í málum hans. Þetta sé fáheyrð krafa, sem byggist á haldlausum og ósönnuðum fullyrðingum stefnanda um réttarbrot opinberra aðila og hlutdrægni íslenskra dómara. Engin lagarök liggi til þess, að dómariinn víki sæti í málinu, og honum sé það bæði óskýlt og óheimilt.

V.

Ekkert af því, sem stefnandi bendir á til stuðnings kröfu sinni um, að dómariinn víki sæti í máli þessu, leiðir til þess, að krafa hans verði tekin til greina skv. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 eða öðrum réttarheimildum. Ber því að hrinda kröfu stefnanda.

Málskostnaður bíður efnisdóms í málinu.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Garðar Gíslason borgardómari vikur eigi sæti í máli þessu.

Málskostnaður bíður efnisdóms í málinu.
